

um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengna o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Brynjólfur Bjarnason, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi Íslendinga ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku að framkvæma eigi fleiri tilraunir með vetnissprengjur og enn fremur að taka nú þegar upp samninga við Sovétríkin, Bretland og önnur ríki um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og strangt alþjóðlegt eftirlit með því, að banninu verði framfylgt, jafnframt því sem þessi ríki ásamt öðrum skuldbindi sig til þess að beita ekki kjarnorkuvopnum í hernaði.

Greinargerð.

Hinn 1. marz s. l. var vetnissprenging gerð á Kyrrahafi í grennd við Bikini í Marsjalleyja-klanum með þeim atburðum, að ekki varð dulizt, enda þótt hin ógnþrungnu fréttaskeyti, sem frá þeim bárust, væru í fyrstu sem vendilegast falin í dálkum heimsblaðanna.

Hinn 25. marz, þegar tekið er að leggja drög að þessari greinargerð, er daginn áður haft eftir Eisenhower forseta Bandaríkja Norður-Ameríku, að Strauss aðmír-áll, formaður kjarnorkunefndar Bandaríkjanna, hafi ekki enn þá lokið skýrslu sinni um tilraun þessa. Af fréttum í útvarpi og blöðum, sem berast nú æ gleggri, má hins vegar ráða nógu mikið til þess, að ljósara verði en nokkru sinni áður, hver ógn er kveðin að öllu mannkyni, ef ekki tekst að hamla því, að fleiri slíkar „tilraunir“ verði gerðar, hvað þá hafið það kjarnorkustrið, sem þær eru forleikurinn að.

Það talar sínu máli, að opinber skýrsla um fyrstu vetnissprenginguna í veröldinni, sem gerð var af Bandaríkjamönnum á Kyrrahafi fyrir tveimur árum, hefur nú fyrst séð dagsins ljós. Eisenhower forseti upplýsti Bandaríkjaþing um það 2. febr. s. l., að Enivetok-sprengingin væri „fyrsta fullkomna vetnissprengingin í sögunni“.

Formaður kjarnorkunefndar Bandaríkjaþings, Sterling Cole, skýrði aftur frá því 17. febr. (N.Y.T. 18. febr.) „að við vetnissprenginguna á Kyrrahafi 1952 hefði tilraunaeyjan í Enivetok-klanum gersamlega horfið og grafizt í sævarbotninu gígur eina mílu í þvermál og 155 fet á dýpt, sem rúma mundi 140 stórbyggingar eins og þinghúsið í Washington“. Hr. Cole bætti við: „Ef slík sprenging yrði í nútímaborg, mundi hiti hennar og loftþrýstingur valda algerri eyðingu á þriggja mílna svæði í allar áttir frá sprengistaðnum, og þá er orðið algjör notað í nákvæmstu merkingu og lýtur að eyðingu á svæði, sem er sex mílur í þvermál“. Hr. Cole bætti við, að sprengingin 1952 væri upphaf heillar fjölskyldu af atómvopnum.

Um afl þeirrar sprengju, sem varpað var 1. marz, eru fregnir nokkuð á reiki, enda vist, að örðugra varð þar um mat og mælingar en ætlað hafði verið. En það er t. d. kveðið svo að orði, að sprengjan hefði getað dreift af yfirborði jarðar eins og dusti álika fjalli og Mont Blanc, eða máð þaðan stórborgir eins og New York og London; að hún hefði jafngilt sex milljónum lesta af T.N.T., eins og komið hefðu í einn stað niður og í sömu andrá þær sprengjur allar, sem varpað var hvarvetna um lönd á árum heimsstyrjaldarinnar síðari.

Dagblaðið New York Times skýrir svo frá 18. marz:

„Önnur heimild jafnkunnug málum (vitnað til manns í kjarnorkunefnd Bandaríkjaþings) sagði, að hún (sprengjan 1. marz) hefði verið þrefalt eða fjórfalt öflugri en sérfræðingarnir, sem tilrauninum stjórnðu, höfðu búizt við og að minnsta kosti 600 sinnum sterkari en atómsprengjan, sem varpað var á Hirósjima — en hún jafngilti að krafti 20 000 lestum af T.N.T. og svipti lífi 60 000 manns.

Sumar áætlanir, sem enn á eftir að meta á grundvelli hvers konar vísindalegra mælinga, sem við varð komið, telja kraft sprengingarinnar 1. marz þúsund sinnum meiri en vetnissprengjunnar 1952.“

Blaðið segir ennfremur:

„Sú staðreynd var hin mikilvægasta, að allir lýstu sprengingunni 1. marz sem notkun raunhæfs vopns, er unnt væri að beita gegn andstæðingi.“

Loks eru tilfærð ummæli Carls Durham, þingmanns frá North Caroline og formanns demókrata í sameiginlegri nefnd beggja þingdeilda, er fjallar um kjarnorkumál.

Hann taldi, „að verulegur ágreiningur væri innan ríkisstjórnarinnar um það,

hvort gefa skyldi heiminum nákvæmar og yfirgripsmiklar upplýsingar um ægi-
afli þessa nýja vopns“.

Durham taldi, að sprengjan „væri svo hræðilegur hlutur, að bezt væri, að ver-
öldin fengi vitneskju um hana. Það ætti tafarlaust að skýra öllum þjóðum heims
frá því, hværrar eyðileggingar lífs og verðmæta mætti vænta af þessari tegund vopna“.

Fyrir augum sjómanna á Kyrrahafi varð sprengingin 1. marz eins og upprás
sólar við sjóndeildarhring af mikilli skyndingu. Í rúmlega 80 km fjarlægð frá
tilraunastaðnum var flugvél á ferð í 30 þús. feta hæð, og þótt hún flygi svo hratt
sem hreyflarnir orkuðu, slapp hún naumlega undan sprengjuskýinu, sem hófst
úr sjó í 30 km hæð eins og tröllaukinn sveppur. Fiskibáturinn Fúkúríjú Marú, um
22 km utan þess hring, sem afmarkaði svokallað hættusvæði, og 146 km frá sprengi-
staðnum, nóttaði fyrir loftþrýstingnum, hvíttri ösku sáldraði yfir hann þremur
klst. síðar, og hörund sjómanna, 21 að tölu, tók að klæja og síðan innan viku að
detta út með sárum. Á ótilgreindri ey utan öryggishringsins urðu 253 menn, þar
af 17 Ameríkumenn, að því er talið er, fyrir skaðvænum geislaverkunum. A. m. k.
4 skip með samtals 60 manna áhöfn munu hafa farizt af völdum sprengingarinnar,
en 10 orðið geislavirk af öskuryki í allt að 2000 km fjarska, eða sem svarar vega-
lengdinni frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, og eru þó ekki öll kurl komin þar
til grafar. Þá fyrst, er japönsk skip tóku að leita hafnar eitt af öðru, allt fram í
miðjan mánuð, og fólk á landi uppi að sýkjast hundruðum saman af geislavirkum
fiski, var þögnin rofin um það, sem orðið var.

Japanska þjóðin var skelfingu lostin. Hinn 19. marz er talið, að ekkert manns-
barn í landinu hafi lagt sér nýjan fisk til munns, enda þótt hann sé aðalfæða
þjóðarinnar. Japanska heilbrigðisstjórnin áætlaði, að 600 manns hefðu þá þegar
neytt eittraðs fisks. Ríkisstjórnin mælti svo fyrir, að öllum fiskiskipum á Kyrra-
hafi skyldi haldið til hafna og gengið úr skugga um, hvort afli þeirra eða áhafnir
hefðu orðið fyrir áhrifum af sprengingunni, eins og raun varð um fiskibátinn Fúkúríjú
Marú, sem svo varð geislavirkur, að vara mundi um ófyrirsjáanlegan tíma, og það
eitt fyrir hendi að brenna hann og sökkva í sæ. Á sjúkrahúsi tærist skipshöfnin
upp, húðin dökknar og skorpnar, og hárið fellur af, án þess að japönsku sérfræð-
ingarnir frá Hirósjima og læknar setuliðsins, sem með nauðung hafa fengið að
stunda sjúklingana til að afla bandarískrar vitneskju um verkanir geislanna á lif-
andi hold, fái að gert.

Viðtækari afleiðingar verða því ljósari, sem lengra líður. Skýrustu máli talar
þar sú staðreynd, að hver tilskipun Bandaríkjastjórnar er nú ógilt af annarri um
útvíkkun á hættusvæðinu á Kyrrahafi, svo að það er nú orðið þrefalt stærra en
öruggt var talið 1. marz, eða 275 þúsund ferkm. að flatarmáli og nærri þrisvar
sinnnum stærra en allt Ísland. Fremsti kjarneðlisfræðingur Japans, dr. Súzúki, var-
ar við þeirri hættu, að stór hluti Kyrrahafsins kunni að vera mengaður geisla-
virkum söltum og öðrum efnun, er sævarstraumar gætu skolað að ströndum upp,
ef framhald yrði slíkra tilrauna. Geislavirkt regn hefur þegar fallið víðs vegar frá
sprengjustaðnum, og um brautir fugla og fiska, er eitrazt hafa af ösku og geislun-
um, kveður enginn né ætlast á, fremur en erfðabreytingar, sem verða kynnu á
stofni þeirra.

Fréttaskeytin af þessum fjarlægum stöðum og löndum, sem oss eru nær, bera
vitni um þá vaxandi ógn, sem japanska þjóðin og alþýða manna í öllum heimi
er slegin af þessum atburðum, og þó ef til vill af öðrum tíðindum enn frekar: af-
stöðu Bandaríkjastjórnar til þeirra og viðbrögðum öllum, síðan þeir gerðust.

Enda þótt sum áhrifablöð í Bandaríkjum Norður-Ameríku, eins og New York
Herald Tribune, styðji einróma kröfu allra brezkra blaða um, að nú verði stungið
við fótum; enda þótt þau taki af skarið um það, að hverju barni megi vera ljóst,
að tilkoma þessa nýja geryðingarvopns hljóti að gerbreyta öllum herstjórnar-
sjónarmiðum, því þó að andstæðingur réði yfir sprengju, sem lagt gæti hálfan
hnöttinn í eyði, væri öryggi Bandaríkjanna ei að betur komið, þótt það stæði í

þeirra valdi að eyða hann að þremur fjórðu hlutum; enda þótt staðhæft sé, að við vetnissprengjuárás á Bandaríkin mundu „níu milljónir manna láta lifið, en 22 milljónir særast og limlestast“, og þó að yfirmanni borgarvarnanna í Bandaríkjunum verði eðlilega spurt: Hver á að grafa þessi níu milljón lík? — Þá virðast hæstaráðendur þar í landi ekki vila slík rök fyrir sér.

Tilskipanir Bandaríkjastjórnar og ábyrg ummæli æðstu valdamanna undanfarnar vikur hafa þvert á móti verið eins og árétting ógnaratburðanna á Kyrrahafi og hnigið mjög að hinu sama: að frá stjórnarstefnu þeirri, sem Dulles utanríkisráðherra kunngerði í New York-ræðu sinni í janúar s. l. og gengur undir nafninu „New look“, skuli ekki hvikað um hársbreidd.

Fyrir þessari stjórnarstefnu hefur vetnissprengjan frá 1. marz að vísu talað hærra og skýrar en vænt var, en ummæli „heimildarmanna, sem málum eru kunnugir“, tilfærð í N. Y. Times 18. marz og áréttuð daglega í fregnum, draga þar í engu úr, en þar er sagt, „að Bandaríkin séu nú þegar tekin að birgja sig upp af vetnissprengjum þeirrar tegundar, sem nú hafi verið framleidd. — — Þeir skýrðu einnig frá því, að sprengingin 1. marz væri aðeins undirbúningur að enn kröftugri vetnissprengingu, sem yrði þáttur í kerfi af tilraunum á Kyrrahafi“.

Þetta er síðast áréttað, samkvæmt fréttum íslenskra ríkisútvarpsins hinn 26. marz, af formanni kjarnorkunefndar Bandaríkjanna, Strauss aðmiráli, sem lýsir yfir því, að Bandaríkin muni samkvæmt beiðni herstjórnarinnar halda áfram smíði á vetnissprengjum af auknum krafti og tilraunum með þær á Kyrrahafi, — og í því skyni samþykkti fjárveitinganefnd fulltrúadeildar þingsins fjárveitingu samdægurs, að upphæð 1000 milljónir dollara, til framleiðslu á vetnis- og kjarnorkusprengjum á fjárhagstímabilinu, sem hefst 1. júlí n. k.

Ög enn flytur íslenskra ríkisútvarpið þennan boðskap m. a. í hádegisfréttum 27. marz:

„Eisenhower Bandaríkjaforseti hefur fyrirskipað, að hafin skuli nú söfnun birgða alls konar málma, sem nauðsynlegir séu til hernaðarframleiðslu. Segir í boðskap forsetans til stofnunar þeirrar, sem fer með þessi mál, að svo geti farið, að erfitt verði að afla sér slíkra nauðsynja á styrjaldartímum, einkum þegar nú sé vitað, að Ráðstjórnarríkin séu þess megnug að ráðast á Bandaríkin sjálf. Enn fremur er gefið í skyn í fregnum, að nauðsyn kunni að bera til þess að takmarka sölu slíkra málma innan lands . . .“.

Það sýnist mega einu gilda, hvort hin umrædda stjórnarstefna, er í þessu birtist og gengur undir nafninu „New look“, er í orði kveðnu kennd við strið eða frið, — í framkvæmd verður hún sama óvitið. Hún er reist á þeim rökum, að óviss úrslit í styrjöld séu betri kostur en sá vísi voði, að efnahagskerfi Bandaríkjanna, sem tekið er að svigna undan þunga vígbúnaðarins, hrynji í rúst. Hún er reist á þeim rökum, að styrjöld hljóti að standa og þá styrjöld beri að heyja með öllum tiltækum vopnum og þar hafi sá betur, sem fyrstur slær og þyngst, — og í framkvæmd leiðir hún til vígbúnaðaræðis, þar sem stefnt virðist að því að hafa afl til að drepa andstæðinginn fjórum sinnum, ef ætla má, að hann gæti gert út af við mann tvisvar. Hún gerir ráð fyrir, að svo mikilvægt sé að verða fyrri til að slá, að nauðsynlegt sé, að forseti Bandaríkjanna geti gert sér hægt um hönd, brotið stjórnarskrána og hafið atómstyrjöld upp á sitt eindæmi af hverju því tilefni, er hann sjálfur kynni að velja og telja ógnun við öryggi Bandaríkjanna eða þjóða á þeirra snærum.

New York Times tilfærir 20. marz ummæli Dulles utanríkisráðherra í þingræðu hinn 19., er að þessu lúta:

„Varðandi gagnrýni á „New look“ úr flokki demókrata, sem að því hnigi, að í rauninni sé sú stefna ekki ný og að með henni sé rofið tveggja flokka samkomulagið, þá viðurkenndi ráðherrann, að hótunin um „kröftug hefndarviðbrögð“ væri hvorki „skyndileg“ né „byltingarkennd“.

En hann hélt fast við, að stefnan væri í reyndinni ný og til hennar bæri að

rekja fjölda mikilvægra og leynilegra stjórn málaákvæðana í öryggisráði Bandaríkjanna.

Herra Dulles færðist undan að gefa nokkurt loforð um það, að Eisenhower forseti ráðgaðist endanlega við þingið, áður en hann léti hart mæta hörðu gegn hvers konar árásum á eitt eða annað bandalagsríki vort.“

Útanríkisráðherrann var sem sagt árangurslaust, en ekki ófyrirsynju, krafinn slíks loforðs. Eisenhower forseti hafði lýst yfir í þingræðu 17. marz, að hann mundi ekki hika við að taka sér sjálfðæmi um það, hvað telja bæri árásarógnun við Bandaríkin, og hefja atómstyrjöld umsvifalaust, ef því væri að skipta:

„Forsetinn kvaðst mundu forðast dæmi fortiðarinnar, svo sem Normandy-innrásar sinnar í Evrópuvirkið 1944, og beita nýjustu vopnum og aðferðum atómaldarinnar.

Hvern þann forseta, sem léti undir höfuð leggjast að gripa til vopna andspænis tortímingunni, þann forseta væri of vægt að draga fyrir landsdóm og setja af embætti — hann ætti skilið að hengjast, sagði Eisenhower forseti af tilfinningu.

Ef svo færi, að hann gerði einhliða ákvarðanir á þjóðhættustund, þá mundi hann kalla saman þing eftir á, svo fljótt sem unnt yrði, til þess að veita stríðsaðgerðunum stuðning. Hann tók samt fram, að ef tíminn leyfði, mundi hann telja æskilegra, að árásarógnunin yrði rædd af þinginu, áður en hann hæfist handa.“ (N. Y. Times 18. marz).

Og enn segir í greininni:

„Í gær lýsti hr. Dulles yfir því, að hann áleti, að forsetinn hefði vald til, án þess að ráðgast við þingið, að skipa fyrir um ráðstafanir gegn hvers konar árásum á Bandaríkin eða bandamenn þeirra í Evrópu og á vesturhveli jarðar.

Hann sagði, að forsetinn hefði þetta vald samkvæmt ákvæðum Norður-Atlantshafssáttmálans og Rio de Janeiro-sáttmálans, er báðir hefðu verið staðfestir í öldungadeildinni.“

Þá vitum vér það, hvað vér höfum falið hverjum þeim Forestall á hendur, sem hefjast kann í forsetastól í Bandaríkjunum, á meðan vér skipum skemilsess í „Varnarbandalagi Atlantshafsríkja“ — ekkert minna en sjálfðæmi um örlög mannkynsins á jörðinni. Höfum vér ekki horft upp á frumæfingu hinnar forsetalegu valdheitingar, er Bandaríkin hófu smánarstríð Sameinuðu þjóðanna í Kóreu fyrirvaralaust og knúðu síðan samþykki fram við orðnum hlut. Og megum vér ekki horfa upp á það þessa daga, þegar æ fleiri raddir einstaklinga, flokka og þjóðþinga, sem Bandaríkjunum fylgja að málum, hefjast til mótmæla gegn ábyrgðarlausum leik þeirra með hinn lævísá vítiseld; þegar veröldinni er loks að skiljast á síðustu stund, að henni stafar ekki ógn úr austri eða vestri, heldur er hún yfir og allt um kring og kveðin að hverju mannsbarni jafnt; þegar þjóðunum er loks að skiljast samstaða sín gagnvart einum og sama voða: magnan þessa elds og útkulnun lífsins í styrjöld, sem leiða mundi steinöld eða helöld yfir jörðina — hver eru þá viðbrögð hæstráðenda vetnissprengjunnar önnur en þau að kunngera, að nú skuli tekið að safna glóðum eldsins fyrir alvöru, nú skuli gripið til neyðarráðstafana og skrapað saman hvers konar málmi til hergagnaframleiðslu, nú skuli gera öllum undirgefnum vitanlegt, að forseti Bandaríkjanna hefji sitt stríð, þegar honum sýnist, og ekki skuli dragast mánuði lengur, að ferfalt sterkari vetnissprengja en varpað var 1. marz verði „reynd“ á Kyrrahafi.

Og hver ættu að verða viðbrögð vor, sem byggjum vort friðgóða land og vitum það sjálfkjörið vopnabúr þessa bandalagsríkis vors? Ber oss ekki að minnsta kosti að styðja kröfu, sem nú er hafin af þeirri þjóð, sem atómeldurinn hefur sárast brunnid á hingað til, og tekið hefur verið undir í einu formi eða öðru af Bretum, Ástralumönnum, Nýsjálandingum og fleiri þjóðum nú þegar og er þannig sett fram af brezka Verkamannaflokki, að ríkisstjórn Bretlands skuli beita sér fyrir því að knýja Bandaríkjastjórn til að hætta við frekari tilraunir með vetnissprengjur, unz haldin hafi verið ráðstefna þeirra fjögurra ríkja, sem lengst eru komin í fram-

leiðslu kjarnorkuvopna, — Bandaríkja Norður-Ameríku, Ráðstjórnarríkjanna, Bretlands og Kanada, og að til þeirrar ráðstefnu verði gengið hið bráðasta.

Þer ekki sérhverjum einstaklingi, hvað þá flokkum manna og þjóðum, smærri sem stærri, að hlutast til um slíkt mál í tíma og gera sitt til að skakka leikinn milli kjarnorkujöfnanna, áður en jafnvægi náttúrunnar yrði ófyrirsjáanlega raskað með ofboðslegustu glæfratilraunum eða líf og menning upprætt og jörðin eydd í eldi þriðju og síðustu heimsstyrjaldarinnar?

Beiting kjarnorkusprengjunnar í Kóreu var á sínum tíma hindruð af almenningsáliti og ihlutun samstöðuþjóða Bandaríkjanna, svo sem Breta og Frakka.

Fréttirnar af Kyrrahafi kalla enn til ábyrgðar hvern einstakling, sem atkvæði og skyni er borinn, og til þyngstrar ábyrgðar þá, sem flokkum eða lýðum ráða.

Von mannkynsins er vakandi samvizka og samróma krafa þess á eina lund: Frið á jörð. Og von þess er hugrekki, sem horfist án undarbragða í augu við staðreyndir og metur rétt það vald, sem þjóðum og einstaklingum er í hendur lagið, til að sjá svo um, að af sams konar atburðum verði þessir hinir síðustu, er sagan þurfi frá að greina.

Vér álitum það skyldu Alþingis gagnvart þjóðinni að láta í ljós skoðun sína og gera það, sem í þess valdi stendur til þess að koma í veg fyrir þá skelfingu, sem vofir yfir mannkyninu, ef áfram er haldið á braut kjarnorkuvopna.

Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.